

10. gr.

Hreinsun hunda og allri meðferð á undan og eftir skal hagað nákvæmlega eftir leið. 5. sept.
arvísi þeim, sem nefndur er í 1. gr. og eftir ákvæðum heilbrigðisnefndar innan þeirra takmarka, er leiðarvísirinn setur. Meðulin svo og múla til afnota við hreinsanir útveggar heilbrigðisnefnd á kostnað bæjarsjóðs.

11. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10 — 100 kr., er renna í bæjarsjóð.
Með mál út af slíkum brotum skal farið sem opinber lögreglumál.

12. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. maí 1922.

Þannig samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar 5 sept. 1921.

Bæjarfógetinn á Seyðisfirði, 24. nóv. 1921.

Jón Þór Sigtryggsson,
settur.

Reglugjörð

um

lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra.

113

17. sept.

1. gr.

Stofnfje sjóðsins eru 50000 kr., sem ríkissjóður hefir lagt fram, og auk þess ábyrgist ríkissjóðurinn greiðslu lífeyris úr sjóðnum, eftir því, sem fyrir er mælt í lögum nr. 51, 27. júní 1921.

2. gr.

Hver embættismaður, karl eða kona, er laun tekur eftir hinum almennu launalögum, er, með þeim undantekningum, sem segir í þessari grein, skyldur til að kaupa lífeyri í sjóðnum handa sjer og maka sínum, með því að greiða í sjóðinn hundraðshluta af launum sínum, eins og hjer segir:

1. Embættismenn, sem eftirlaunarjett eiga samkvæmt eldri lögum, greiða í lífeyrissjóðinn 5% af launaviðbót þeirri, er þeir fengu samkvæmt lögum nr. 71, 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, þó þannig, að ekkert greiðist af þeim hluta launanna, sem um fram kann að vera 5000 kr. á ári, enda nýtur maki hans þá eigi lífeyris úr sjóðnum og hann sjálfur eigi nema sem svarar greiðslu hans af launaviðbótinni.
2. Embættismenn, sem ekki eiga eftirlaunarjett og voru eldri en 50 ára hinn 1. jan. 1920, greiða einnig 5% af árslaunum sínum án tillits til hversu há þau eru, enda njóta þeir aðeins lífeyris úr sjóðnum en eigi makar þeirra.

- 113** 3. Embættismenn, sem ekki eiga eftirlaunarjett en hafa trygt maka sínum lífeyri samkv. 17. sept. lögum nr. 73, 28. nóv. 1919, greiða í lífeyrissjóðinn 5% af ársláunum sínum, enda njóta þeir aðeins lífeyris úr sjóðnum en eigi makar þeirra.
4. Aðrir embættismenn greiða 7% af ársláunum sínum í sjóðinn, enda njóta bæði þeir og og makar þeirra lífeyris úr honum.

Settir embættismenn greiða ekkert í sjóðinn.

3. gr.

Iðgjöld þau, er um ræðir í 2. gr., greiðast aðeins af föstum láunum, sem greidd eru úr ríkissjóði, en eigi af dyrtíðaruppbót eða öðrum hlunnindum, svo sem ókeypis bústað.

4. gr.

Iðgjöldunum skal ríkisfjehirðir halda eftir af láunum embættismanna með $\frac{1}{12}$ mánaðarlega fyrirfram. Fjármáladeild stjórnarráðsins er þó heimilt að víkja frá þessu, ef sjerstaklega stendur á. Öll iðgjöld, sem ógreidd kunna að vera frá árunum 1920 og 1921, skal haldið eftir af láunum hlutaðeigenda í síðasta lagi 1. des. 1921.

5. gr.

Lífeyrissjóðurinn stendur undir umsjón fjármálaráðherra og annast sá starfsmaður fjármáladeildar, sem hann tilnefnir, reikningshald hans. Reikninginn skal birta árlega í B-deild stjórnartíðinda og skal hann endurskoðaður af hinni umboðslegu endurskoðun.

6. gr.

Iðgjöld þau til sjóðsins, sem ríkisfjehirðir heldur eftir, skulu mánaðarlega greiðast reikningshaldara sjóðsins gegn kvittun, en við árslok hver afhendir ríkisfjehirðir embættismanni hverjum kvittun fyrir iðgjaldi þess árs um leið og hann tekur við aðalkvittun embættismannsins fyrir láunum umliðins árs.

Fjármáladeildin afhendir ríkisfjehirði um hver áramót skrá um greiðslur embættismanna til sjóðsins næsta ár og tilkynnir honum síðan jafnóðum er breytingar verða á greiðslum þessum á árinu.

7. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Landsbankanum að því leyti sem hann geymist í peningum, heimilt er að kaupa verðbrjef handa sjóðnum, ef þau verða að teljast fulltrygg og sjóðurinn hagnast við það á vöxtum eða geugi, en þó eigi meira en svo að ætla meg, að sjóðurinn hafi jafnan nægilegt handbært fje til lögboðinna greiðslna.

8. gr.

Embættismaður, sem greitt hefir iðgjöld í sjóðinn á kröfu á lífeyri úr honum, þegar svo stendur á sem hjer segir:

- Þegar hann fær lausn frá embætti sökum elli eða vanheilsu.
- Þegar hann fær lausn sökum þess að hann er orðinn 70 ára eða samantlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár.
- Þegar embætti hans er lagt niður áður en hann er 70 ára og hann tekur ekki annað embætti, en lætur iðgjöld sín standa inni í sjóðnum án þess að taka lífeyri þar til hann hefir náð þeim aldri.

Þegar embættismaður lætur af embætti af öðrum ástæðum en hjer eru taldar, fær **113** hann engan lífeyri úr sjóðnum og ekkert endurgjald af iðgjöldum sínum, nema ef embætti er 17. sept. lagt niður, því að þá á hlutaðeigandi embættismaður, ef hann tekur eigi annað embætti, kröfu á iðgjöldum þeim, er hann hefur greitt, vaxtalaust og afdráttarlaust, ef hann kys eigi heldur að láta þau standa inni í sjóðnum, þar til hann er 70 ára, sbr. c-lið þessarar greinar.

9. gr.

Maki embættismanns, sem notið hefur eða átti kröfu á lífeyri, á að honum látnum, aðeins kröfu á lífeyri úr sjóðnum, ef embættismaðurinn var meðal þeirra embættismanna, sem um ræðir í 4. lið 2. gr., en ekki þótt svo sje, ef:

- a) embættismaðurinn var orðlun 60 ára, er hann kvongaðist eða giftist,
- b) hjónabandið var stofnað meðan embættismaðurinn lá banaleguna,
- c) hjónabandið var stofnað eftir að embættismaðurinn fjeck lausn frá embætti með lífeyri, eða
- d) hjónabandinu var gersamlega slitið áður en hann dó.

10. gr.

Lífeyrir embættismanns er $27\frac{0}{100}$ af launum þeim samanlögðum, sem hann hefir greitt iðgjöld af í sjóðinn, þó þannig, að lífeyririnn má aldrei fara fram úr $\frac{3}{4}$ hámarkslauna þeirra, er hann hefur haft.

Lífeyrir maka embættismanns er $\frac{1}{5}$ af byrjunarlaunum þess embættis, er embættismaðurinn var í, er hann ljest eða fjeck lausn frá embætti.

11. gr.

Rjettur maka embættismanns til lífeyris fellur burt:

1. Ef hann giftist eða kvongast á ný.
2. Ef hann tekur sjer bústað utanríkis án samþykkis stjórnar sjóðsins.
3. Ef hann hirðir eigi lífeyrinn í 3 ár samfleytt án þess að sanna lögmæt forföll.

Er maki embættismanns missir lífeyri af því, að hann giftist eða kvongast af nýju, á hann rjett á að fá hinn sama lífeyri, ef hann verður ekill eða ekkja í annað sinn. Þó getur enginn haft lífeyri nema eftir einn maka.

12. gr.

Sá, sem telur sig hafa rjett til lífeyris úr sjóðnum, skal um það rita brjef til fjármáladeildar og þar skýra frá hversu miklum lífeyri hann telur sig eiga kröfu á á ári, frá hvaða tíma, og því öðru, er máli kann að skifta í þessu efni.

Að fengnum þessum skýrslum, úrskurðar fjármáladeildin kröfuna, tilkynnir það hlutaðeiganda og sjer um að greiðslan fari fram samkvæmt því.

13. gr.

Lífeyrir greiðist með $\frac{1}{12}$ mánaðarlega fyrirfram. Ef um litlar fjárhæðir er að ræða, má þó hafa gjalddagana færri og jafnvel greiða alt í einu lagi, ef mjög lítið er um að ræða.

17. sept.

Um sönnun fyrir áframhaldandi rjetti til lífeyris fer eftir reglum þeim, sem hingað til hefur verið fylgt um rjett til eftirlauna.

Fjármáladeild stjórnarráðsins, 17. sept. 1921.

Magnús Guðmundsson.

Sigurjón Markússon.

9. desbr.

Frumvarp

til

reglugjörðar um skemtanskatt á Ísaf, rði.

1. gr.

Af öllum skemtunum fyrir almenning, sem haldnar eru innan lögsagnarumdæmis Ísafjarðar og seldur er aðgangur að, skal gjalda skatt samkvæmt fyrirætlum reglugjörðar þessarar. Skatturinn rennur í bæjarsjóð og skal honum varið til framfærslu ósjálfbjarga fátæklinga bæjarins.

2. gr.

Skatturinn skal vera hundraðsgjald af aðgöngumiðum eða öðrum aðgönguskírteinum, sem seld eru að skemtunum eins og hér greinir:

1. Af sjónleikum, samsöngvum, hljótleikum, upplestri og fyrirlestrum, íþróttasýningum (líkamsíþróttum) og útileikum 10%.
2. Af öllum öðrum skemtunum 20%.

Ef skemtun er margþætt, skal skatturinn jafnan miðaður við þann þátt hennar, er hærra er skattaður.

3. gr.

Nú er skemtun haldin og aðgangur veitt gegn gjaldi en þó án þess að gefin sjeu út aðgönguskírteini, eða þau eru að vísu gefin út en gjaldið fyrir þátttöku í skemtuninni er eigi goldið samkvæmt þeim, eða goldið samkvæmt þeim aðeins að nokkru leyti, og skal hið ákveðna skattgjald þá goldið sem hundraðsgjald af allri þeirri upphæð, sem goldin er fyrir þátttöku í skemtuninni.

4. gr.

Undantekningar frá skattgjaldi og lækkun á hinn ákveðna skattgjaldi getur bæjarstjórnin veitt, er sjerstakar ástæður mæla með því, t. d. fyrir skemtunar, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til fræðslu, til að halda uppi listum o. s. frv.